


**AF INNLENDUM
VETTVANGI**
ÓLAFUR P. STEPHENSEN



Landsfundur Kvennalistans hefst í dag

Stefnir í samkomulag um að vera ósammála um EES

MEIRI athygli beinist að landsfundi Kvennalistans, sem hefst á Laugavatni í dag, en flestum fyrri landsfundum flokksins. Ástæðan er þær deilur, sem komið hafa upp á milli þingkvenna flokksins undanfarnar vikur um afstöðuna til Evrópska efnahagssvæðisins. Líklegast er að niðurstaða landsfundarins verði sú, að fyrri andstaða Kvennalistans við aðild að EES verði ítrekuð, en jafnframt tekið fram að ekki sé hægt að binda hendur kjörinna fulltrúa flokksins í málínun. Það má því sega að kvennalistakonur ætli að verða sammála um að vera ósammála. Verði niðurstaðan þessi, mun Ingibjörg Sólrun Gísladóttir, sem lýst hefur stuðningi við EES, sitja áfram í utanríkismálanefnd og aðrar þingkonur Kvennalistans fylgja sínu striki. Hins vegar getur svo farið að petta mál dragi dílk á eftir sér hvað varðar stefnumótun Kvennalistans í fleiri málum í framtíðinni og landsfundarfulltrúar munu standa frammí fyrir ýmsum erfiðum spurningum varðandi stefnu og vinnubrögð flokksins.

Kvennalistinn er yngsti flokkurinn á Alþingi og hefur þurft að berjast fyrir viðurkenningu sem alvöru stjórnálflokkur. Ein afleiðing þessa hefur verið sú, að farið hefur verið vel með allan ágreining innan flokksins og reynt að leysa mál með samkomulagi allra og fyriluktu dyrum. Kvennalistakonur, sem rætt er við, sega að petta hafi ævinlega tekist til þessa; málín hafi verið rædd þangað til málamiðlun var fundin og síðan hafi hreyfingin staðið sameinuð út á við. Kvennalistakonur hafa ekki viljað skiptast í meirihluta og minnihluta.

Ingibjörg Sólrun knýr fram umræður

Nú blasir hins vegar við, að enga

málamiðlun er hægt að gera um afstöðuna til EES. Málid er einfaldlega bannig vaxið, að menn eru annað hvort með því eða á móti. Ingibjörg Sólrun Gísladóttir hefur brotið blað með því að gera ágreining innan flokksins opinberan með jafn áhrifarískum hætti og hún hefur gert. Samkvæmt heimildum Morgunblaðsins vakti Ingibjörg mál á efasendum sínum um stefnu flokksins um EES á fundi Kvennalistans síðastliðið vor. Fáir virtust telja að henni væri alvara, og hún tók því pann kost að knýja fram umræður stuttu fyrir landsfund með því að lýsa opinberlega yfir stuðningi við EES.


Samkvæmt upplýsingum Morgunblaðsins er nokkur hópur kvenna efnislega sammála Ingibjörgu Sól-

rúnu um afstöðuna til EES, þó ekki fjölmennur. Á fundi Reykjavíkursagna Kvennalistans um síðustu helgi skiptust þær konur, sem tóku til málss, í brjá hópa; margar voru tvístígandi, margar andvigar og nokkrar fylgjandi EES-samningnum. Niðurstaða fundarins varð sú að leyfa allar skoðanir á málini innan flokksins.

Ingibjörg Sólrun áfram í utanríkismálanefnd

Nú stefnir allt í að það sama verði uppi á teningnum á landsfundi Kvennalistans. Drög að ályktun um utanríkismál voru enn í smíðum á fundum flokkskvenna í gær. Samkvæmt upplýsingum Morgunblaðsins er þó ljóst að efniðinnihald þeirra verður með þeim hætti að rifjuð er upp og ítrekuð fyrri afstaða Kvennalistans gagnvart EES; þvert nei. Hins vegar er tekið fram að ekki sé hægt að þvinga einstaka kjörna fulltrúa flokksins til að fara eftir þessari stefnu. Með þessu er auðvitað verið að veikja mjög stefnu Kvennalistans í málini, enda hefur hann hingað til staðið einn flokka óskiptur gegn EES alveg frá upphafi.

Samkvæmt heimildum blaðsins getur Ingibjörg Sólrun sætt sig ágætlega við að niðurstaðan verði með þessum hætti. Hugmyndir hafa verið uppi um að hún víki úr utanríkismálanefnd, þar sem hún er kjörin í



Ingibjörg Sólrun Gísladóttir hefur hrast upp í hugum Kvennalistakvenna, sem maeta til landsfundar á Laugarvatni í dag.

hana af Alþingi og víkur þaðan eingöngu með eigin samþykki. Landsfundurinn gæti þó þvingað hana til að endurskoða setu sína þar með því að samþykka harða andstöðu við EES og krefjast þess að þingmenn steðu við þá samþykkt, en eins og áður segir bendir ekkert til að svo fari, að mati þeirra flokkskvenna, sem við er rætt. Ingibjörg Sólrun mun treysta sér til að sitja áfram í utanríkismálanefnd og tólu kaþar jafnt vilja meirihluta þingfloks Kvennalistans sem eigin afstöðu.

Erfiðar spurningar

Sú lausn, sem spáð er að verði ofan á í ályktun landsfundarins er þó tvíbent og vekur upp ýmsar spurningar. Mun hún skapa fordæmi? Verða erfið deilumál innan Kvennalistans í framtíðinni líka leyst með því að lýsa því yfir að þingmenn flokksins megi hafa þá skoðun á þeim, sem heim sýnist? Hvernig verður þingflokkurinn þá starfhæfur? Getur Kvennalistinn farið í ríkistjórnarsamstarf ef þingmenn hans hafa ævinlega óbundnar hendur? Hvernig er þá hægt að tryggja stuðning peirra við stjórnarfrumvörp? Kvennalistakonur hafa líka sagt að kjósendur Kvennalistans kjósi stefnu en ekki persónur og þannig hafa þær réttlætt að setja timamörk á þingsetu kjörinna fulltrúa sinna og að skipta um þingmenn á miðju kjörtímabili. Hvernig getur slíkt staðið ef hver þingkona má hafa sína stefnu?

Skipulögð grásrótarsamtök?

Í þessu sambandi hefur verið bent að þingkonur Kvennalistans hafi í raun minna flokkslegt aðhald en þingmenn annarra flokka. Í Kvennalistum eru engar formlegar flokksstofnanir sem halda þingmönnum við efnid. Skipulag og vinnubrögð Kvennalistans verða til umræðu á landsfundinum og búast má við að EES-málid tengist þeiri umræðu. Sumum þykir sem þingkonur flokksins séu nú um of einrráðar um stefnumótun milli landsfunda. Fyrir fundinum liggr því tillaga um að efla flokkskipulagið með því að setja á stofn málefnanefndir, sem starfi

stóðugt að stefnumótun. „Þótt við viljum hafa grasrotarskipulag verður að skipulegja grasrótina betur“ sagði ein pingkona Kvænnistans um þessi mál. Þí til vill verður rauðin sú að Kvænnistakonur neyðast til að taka upp flokksskipulagið, sem þær hafa viðjad forðast.

Skóðanamunur höfuðborgar

og landsbyggðar

Sumar kvænnistakonur ótast að í framtíðinni mun bera meira á átökum milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis í flókknum. Kvænnistinn var skóðanádur af konum á höfuðborgarsvæðinu, sem töku einkum aðstöðu út frá kvænnabaráttu og „feminisma“ sem ákvæðinni hugmyndafraði. Stefnunál flokksins hafa að miklu leyti verið skilgreind út frá þeiri hugmyndafraði, en með auknum áhrifum landsbyggðarkvenna hafa komið inn ónnur áhrif, sem takar meira mið af beinum hagsmunum og aðstæðum kvæna á landsbyggðinni. Fyrir síðustu þingkosningar gekk erfiðlegast að ná saman um stefnuna í byggðamánum og eining hefur borið á skóðanamunum í þingflokkka Kvænnistans. Þannig töku Reykjavíkurþingmenn hans pá af stöðu að fara setti eftir tillögum fiskiþræðinga, þegar rætt var um ákvörðun heildarafla á næsta ári en Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, þingmáður Vestfjarða, taldi óhætt að veida meira. Eining hefur komið upp skóðanamunur í landbúnaðarmáum eftir búsetu og Kristín Ástegeirsdóttir þingflokkssymnir til ðaemis 1941 fóljós andstöðuvið nýverandi landbúnaðarkefni.

Sumar kvænnistakonur telja að delurnar um EES ráðst meðal annars af því, að það sé mali, sem ekki sé eingöngu hægt að taka aðstöðu til út frá feminískri hugmyndafraði, þótt hún leiki ákvæðið hiutverk hja andstæðingum sanningseins. EES er kamski fyrsta mikilvæga mál, sem þaðig hættar til um hjá Kvænnistannum, en þau gætu orðið fleiri. Kvænnistinn getur taeplega enda-laust afgreitt; málin með því að þau séu þess eðlis að ekki sé hægt að finna málmiðun og margar skóðanir rúnist innan flokksins.